

1864.
8. des.

hefir fengið sem launaviðbót til bráðabirgða síðan árið 1856, og um það, að honum árið 1861 höfðu verið veittir 30 rd. fyrir aukavinnu. Fyrir þessa sök hafði þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi 5. marzm. þ. á. lagt það til, að það, sem eptir því, sem nú var frá skýrt, hefir gjört verið í þessu efni, megi við svo búið standa, og að leyft sé, að einnig megi framvegis veita Einari Þórðarsyni hæfilega metna og sanngjarna borgun fyrir aukavinnu, þegar hennar sé æskt hjá stiptsprentsmiðjunni og hún sé nauðsynleg eptir því, sem ástatt sé, svo hafði þér einnig beðið um, að því verði lýst yfir, hver þau gjöld stiptsprentsmiðjunnar séu, sem fá þurfi til samþykki stjórnarráðsins.

Eptir að skrifast hefir verið á um málefni þetta við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður hérmeð kunnngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum leggur samþykki sitt á þá 100 ríkisdala launaviðbót á ári, sem veitt hefir verið Einari Þórðarsyni, forstöðumanni prentsmiðjunuar, og að í þetta skipti má við svo búið standa um þá 30 ríkisdala borgun, sem honum hefir veitt verið fyrir aukavinnu, en að eptirleiðis má enga þóknun veita úr sjóði prentsmiðjunnar, sem ekki er heimild fyrir í samningi þeim, er gjörður var við forstöðumanninn 6. d. ágústm. 1855 og stjórnarráðið hefir samþykkt, nema áður sé til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir vesturumdæminu, um fjárnám fyrir málskostnaði.

8. des.

Við rannsókn reiknings þess, er þér sem settur amtmáður höfðuð samið yfir gjöld og tekjur jafnaðarsjóðs vesturumdæmisins á Íslandi árið 1861, hafði verið gjörð útásetning um 57 rd. 24 sk., sem taldir höfðu verið fyrir fullt og allt með gjöldum í reikningnum, en upphæð þessi er kostnaður við sakamál höfðuð gegn Gísla Jónssyni á Saurum; hafði ekki þótt nægilega sannað

1864.
8. des.

með fjárnámsgjörð þeirri, er þér sem sýslumaður í Dalasýslu hélduð 18. dag maímánaðar 1861, að fæ þetta hefði eigi getað fengizt hjá Gísla, en hann hafði með dómi landsyfrréttarins 28. dag desemberm. 1857 verið skyldaður til að borga málskostnaðinn; hafði þér í bréfi 2. d. marzm. skotið máli þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta efni skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði þær ráðstafanir, sem þörf er á, að þærið útskrift af ádurgreindri fjárnámsgjörð, er stjórnarráðið hefir fengið frá reikningastjórnardeild konungsríkisins, ber með sér, að hinn dæmdi átti fjármuni, sem leggja hefði mátt út í málskostnað þann, er hann var dæmdur í, þá hefir kostnaður þessi ranglega verið látinn lenda á jafnaðarsjóðnum, en að dómsmálastjórnin samt sem áður ekki mun skerast frekar í málið, ef ofangreind upphæð verður endurgoldin sjóðnum aptur með því að tilfæra hana með tekjum hans í næsta reikningi, og hefir reikningastjórnardeildinni í dag verið skýrt frá þessu.

9. des.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um það, hvernig reikna skuli til peninga landskuldargjald í fríðu af þjóðjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Með bréfi, dagsettu 5. dag ágúst. þ. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu skjal frá Clausen sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og umboðsmanni yfir konungsjörðunum þar; biður hann um ákvörðun dómsmálastjórnarinnar um þessar spurningar:

1. hvort þær landskuldir af greindum jörðum, sem áskilið er í byggingarbréfunum að gjaldast skuli í fríðu, eigi að borgast eptir verði því, sem í verðlagsskránni er á fríðu, en þeim gjaldmáta hefir hann fram fylgt reikningsárið 1863—64, eður eptir meðalverði allra meðalverða, einsog tíðkapt hefir um mörg ár á undan;
2. ef hið síðara eigi að vera reglan, hvort þá ekki beri að